

Mál nr. 392/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (J)

Skemmdir af völdum vinnuvélar sem tekin var ófrjálsri hendi 23.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Lögreglu var tilkynnt um að vélgrafa hafi valdið skemmdum við Gissurargötu í Reykjavík. Grafan er í eigu vátryggingartaka (J).

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið vísar til skýrslu lögreglu þar sem fram kemur að grafan hafi verið læst og að einhver hafi farið inn í hana og ekið um og valdið skemmdum. Jafnframt komi fram að sams konar kveikjúláslyklar ganga á flestar vinnuvélar af þessu tagi og að ekki sé vitað hver hafi verið að verki. Vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna atvinnureksturs þ.e. starfsemi sem getið er í vátryggingaskírteini/skilmálum. Ekki sé unnt að rekja tjónsatburð máls þessa til saknæmrar háttsemi J eða starfsmanna hans. Farið hafi verið inn í læsta gröfu sem staðsett hafi verið á vinnusvæði og sá aðili sem tók hana ófrjálsri hendi hafi síðan valdið skemmdum með akstri hennar. Á því geti J ekki borið ábyrgð því ekkert liggur fyrir um að hann hafi skilið gáleysislega við tækið.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til tiltekinna ákvæða í skilmálum máli sínu til stuðnings. Tjónið sé talsvert, milli 30 – 40 tré voru eyðilögð en þau áttu að standa á fullbúinni lóð. Umræddar skemmdir “breyti áformum M um hvernig lóðin verður endanlega, og aukakostnaður, sem af því hlýst verður að bæta.”

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögnin er lagt til grundvallar að vinnuvélin hafi verið læst og að hún hafi verið tekin ófrjálsri hendi. Ósannað er að starfsmenn J hafi skilið við vélina á gáleysislegan hátt. Skilyrði fyrir stofnun skaðabótaábyrgðar eru því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.